

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 18 5. febr. 1964, um breyting á samþykkt
Sjúkrasamlags Reykjavíkur, nr. 13 26. sept. 1958.

1. gr.

Breyting á 11. gr. samþykktarinnar, 3., 4. og 5. mgr. 7. tölulið 11. gr. orðist svo:
Dagpeningar nema eftirfarandi grunnupphæðum að viðbætti verðlagsuppbót
samkv. lögum, þó þannig, að grunnupphæð með verðlagsuppbót skal jafnan hækkuð
eða lækkuð í næstu heila krónu, þegar um fullorðina er að ræða, en í næstu hálfa
krónu, þegar um börn er að ræða.

Fullir dagpeningar:

- | | |
|---|------------|
| a. Fyrir kvæntan mann, eða gifta konu sem er aðalfyrirvinna heimilis | kr. 105.00 |
| b. Fyrir aðra | — 93.00 |
| c. Fyrir hvert barn á framfæri, allt að þrem, þar með talin börn utan heimilis sem umsækjandi sannanlega greiðir með, bætist við | — 12.00 |
| Dagpeningar, þegar sá, er dagpeninga nýtur, dvelst í sjúkrahúsi á kostnað samlagsins, en hefur ekki á heimili sínu fyrr öðrum að sjá: | |
| d. Fyrir einstakling | — 31.00 |
| e. Fyrir hvert barn, sbr. c-lið, bætast við | — 4.00 |
| Dagpeningar, þegar sá er dagpeninga nýtur, dvelst í sjúkrahúsi og hefur á heimili sínu fyrir öðrum að sjá: | |
| f. Fyrir kvæntan mann eða gifta konu sbr. a-lið | — 70.00 |
| g. Fyrir aðra | — 62.00 |
| h. Fyrir hvert barn, allt að þrem, sbr. c-lið, bætast við | — 8.00 |

Framangreind breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40, 30. apríl 1963, um almannatryggingar til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing dags. 8. febr. 1962, um sama efni.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.